

Stekkjarkot, deiliskipulag

Til : Haraldur Birgir Haraldsson
Frá : gunnar@arbae.is <gunnar@arbae.is>
Heiti : Stekkjarkot, deiliskipulag
Málsnúmer : 1806015
Málsaðili : Heimir Hafsteinsson
Skráð dags : 10.10.2018 22:12:39
Höfundur : gunnar@arbae.is <gunnar@arbae.is>

Ágæti viðtakandi.

Vísað er til auglýsingar á heimasíðu Rangárþings ytra um deiliskipulagsáætlun fyrir land Stekkjarkots í Þykkvabæ. Tekur deiliskipulagið til byggingarreita fyrir frístundahús og gestahús.

Veiðifélag Ytri Rangár og vesturbakka Hólsár vill árétta að félagið nýtur lögbundins réttar til umferðar meðfram vesturbakka Hólsár. Jafnframt er vísað til þinglýstrar landskiptagerðar fyrir Þykkvabæ frá 25. júní 1951 en þar segir meðal annars eftirfarandi:

„Þá skal fram tekið, að umferð meðfram Hólsá verður að vera opin og frjálís til umferðar alla leið að efri Unhólsspildu“

Með þessari athugasemd við deiliskipulagið er veiðifélagið ekki að fullyrða að deiliskipulagstillagan fari gegn framangreindum rétti félagsins. Engu að síður vill félagið vekja athygli á ótvíræðum umferðarrétti meðfram Hólsá.

Kveðja,
Gunnar Jóhannsson
formaður Veiðifélags Ytri-Rangár og vesturbakka Hólsár